

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/2009

frá 24. apríl 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/89/EB frá 24. september 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/756/EEB varðandi ljósa- og ljósmerkjabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 76/756/EEB):
„– **32008 L 0089**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/89/EB frá 24. september 2008 (Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 14).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 45zt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 0692**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 14.

„45zu. **32008 R 0692**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lið 3.2 í XIII. viðauka:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg“““.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 692/2008 og tilskipunar 2008/89/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. apríl 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. apríl 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.